

## Félagsráð UMF Stjörnnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 02.06.2020, kl. 17:15

Mættir: Brynja Baldursdóttir (BB), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Hilmar Júlíusson (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Ingibjörg Vilhjálmsdóttir (IV), Pétur Bjarnason (PB), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Sæmundur Friðjónsson (SF), Sigrún Þorsteinsdóttir (SP), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS). Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson fjármálastjóri (BS) og Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri (ÁIP) sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Aron Friðrik Georgsson (AFG), Erling Ásgeirsson (EÁ), Ólafur Reimar Gunnarsson (ÓRG).

### Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Fundargerð síðasta aðalstjórnarfundar lögð fram til samþykkis fyrir stjórnarmenn aðalstjórnar.  
**Niðurstaða:** samþykkt.

### 2. Styrkveitingar frá ÍSÍ vegna Covid

BS fór yfir það fyrirkomulag sem ÍSÍ mun notast við í úthlutun sinni á þeim 500 milljónum sem komu til íþróttahreyfingarinnar í björgunarpakka ríkisstjórnarinnar. Stjarnan hefur fengið u.þ.b. 15 milljónir úr flokki 1. Nú stendur yfir umsóknarferli í flokki 2 sem BS vinnur í samvinnu við formenn deilda. Sá flokkur er hugsaður til að bæta fyrir tekjutap vegna einstakra viðburða. Aðalstjórn hefur tekið ákvörðun um að skipting á tekjum verði ekki ákveðin fyrr en eftir að niðurstaða úthlutunar úr flokki 2 liggur fyrir frá ÍSÍ.

**Niðurstaða:** til upplýsinga.

### 3. Endurvekja og virkja ný ráð & rýni á strúktúr félagsins

- 3.1. Umræða var tekin um strúktúr félagsins og spurningum velt upp hvort einhvers staðar séu tækifæri til að einfalda, skerpa á línunum og almennt gera betur. Rætt var um að fá mögulega utanaðkomandi þriðja aðila til að aðstoða við rýni á strúktúrinn. Ekki yrði um að ræða stefnumótunarvinnu, heldur eingöngu fersk augu á strúktúr, skipulag og verkefnastýringu.

**Niðurstaða:** ÁIP fær tilboð frá fagaðilum í þessa vinnu sem borið verður undir aðalstjórn.

- 3.2. SG upplýsti fundarmenn um að aðalstjórn hafi ákveðið að setja upp fjárhagsráð sem hefði einna helst tvíþætt hlutverk, annars vegar að rýna í fjárhagslegan strúktúr félagsins og hins vegar að yfirfara úthlutunarreglur Afrekssjóðs. Tilgangur þess er fyrst og fremst að meta hvort einhvers staðar séu tækifæri til að gera betur. Í ráðinu munu sitja BB, BS og IHR en einnig var hugmynd um að fá fyrrverandi meðlimi aðalstjórnar með í vinnuna.

**Niðurstaða:** IHR veitir ráðinu forstöðu og setur upp næstu skref í samráði við BS.

- 3.3. SG fór yfir hugmyndir um að endurvekja fjáröflunarráð þvert á deildir, en fyrrum aðalstjórn var með það verkefni í bígerð. Hlutverk fjáröflunarráðs felst einkum í eftirfarandi þáttum:

- ✓ Leita nýrra fjáröflunarleiða, þ.m.t. nýrra styrktaraðila fyrir félagið í heild.
- ✓ Marka stefnu og hrinda í framkvæmd átaki varðandi fjölgun greiðandi félagsmanna. Í dag eru tæplega 300 aðilar sem greiða árlegt félagsgjald.
- ✓ Kanna möguleika á sameiginlegum VIP kortum fyrir boltagreinar.
- ✓ Kanna grundvöll fyrir þeirri hugmynd að afreksíþróttafólk Stjörnnunnar fái kort á leiki og viðburði hvert hjá öðru.



Tilgangur ráðsins er fyrst og fremst að leita leiða til að afla frekari tekna fyrir félagið í heild og efla félagsanda í gegnum sameiginleg kort. Afar mikilvægt er að ekki verði ráðist í neinar aðgerðir nema í nánú samráði við formenn deilda, bæði vegna núverandi styrktarsamninga einstakra deilda og ein s varðandi sameiginleg kort.

**Niðurstaða:** Í ráðinu sitji PBS og GBV og er þeim falið að leggja til í samráði við aðalstjórn þrjá til fjóra einstaklinga til viðbótar, auk þess sem ÁÍP og BS munu vinna með ráðinu. PBS veiti ráðinu forstöðu og ákveði næstu skref í samráði við ÁÍP og BS.

#### 4. Æskulýðs- og forvarnarráð

SG fór yfir hugmyndir um sameiginlegt æskulýðs- og forvarnarráð en hlutverk þess væri einkum fjórþætt:

- ✓ Meta leiðir til að fá fleiri börn (16 ára og yngri) í starfið.
- ✓ Marka forvarnarstefnu.
- ✓ Meta hvort félagið geti gert betur þegar kemur að “brottfallsaldrinum” (14-17 ára):
  - Minnka brottfall.
  - Styrkja brúna frá barna- og unglingastarfi yfir í afreksstarf.
  - Finna fleirum farveg innan félagsins. Ljóst er að ekki allir verða afreksíþróttafólk, en einhvers staðar í hópi barna og unglunga eru næstu styrktaraðilar, sjálfboðaliðar, stjórnarmenn o.s.frv.
- ✓ Kanna grundvöll fyrir systkina-/fjölgreinaafslætti.

Tilgangurinn er fyrst og fremst að efla enn frekar barna- og unglingastarf í félaginu, huga að forvörnum og minnka brottfall. Mikilvægt er að hafa í huga að Æ&F kemur ekki í staðinn fyrir barna- og unglingaráð deildanna, heldur styrkir tengslin á milli deilda og eflir samvinnu. Einnig er mikilvægt að eiga gott samtal við bæinn um æskulýðs- og forvarnarmál, einkum og sér í lagi í ljósi aukinnar hættu á brottfalli í kjölfar Covid-19.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn tilnefni formann ráðsins og hver deild tilnefni einn fulltrúa hver.

Önnur ráð sem rædd voru sérstaklega á fundinum og skilgreina þarf nánar voru Öldungaráð (virkja starfsemi eldri borgara innan félagsins). Eins var farið stuttlega yfir hlutverk Stjórnukvenna sem er nýtt ráð innan félagsins og gott væri að kynna frekar fyrir félagsmönnum og stjórnnum deilda. Er það mat aðalstjórnar að stofnun ofangreindra ráða falli vel að stefnu Stjórnunnar “frá vögg til grafar”, þar sem áherslan er þrjúþætt: barna- og unglingastarf, afreksstarf og almenn heilsuefning bæjarbúa.

#### 5. Stjórnuhlaðvarp

SG kynnti þá hugmynd að fá einn strák og eina stelpu á aldrinum 20-25 ára til að stofna hlaðvarp Stjórnunnar. Umsjónarmenn fái frelsi til að móta hlaðvarpið að þremur grunnskilyrðum uppfylltum:

- ✓ Jafnræðis sé gætt á milli kynja.
- ✓ Jafnræðis sé gætt á milli deilda.
- ✓ Virðing sé borin fyrir klúbbum.

Markmiðið væri að fyrsti þáttur færi í loftið fyrir fyrstu umferðir í Pepsi Max deildum karla og kvenna. SG upplýsti fundarmenn jafnframt um að Þorkell Máni Pétursson hafi boðið fram aðstoð sína við að hleypa verkefninu af stokkunum.

**Niðurstaða:** formenn deilda tóku vel í hugmyndina og að ÁÍP og SG finni heppilega umsjónarmenn og komi verkefninu í loftið í samvinnu við þá.



## 6. Matar & Tónlistahátíðin Rámur

Hörður Harðarson bar upp hugmynd við aðalstjórn að umfangsmikilli matar- og tónlistarhátíð sem hefur fengið vinnuheitið Rámur. Hugmyndin kemur upphaflega frá körfuknattleiksdeild en yrði samstarfsverkefni á milli allra deilda og félagsins í heild.

Það var mat allra fundarmanna að hér væri um stórt tækifæri að ræða og mikilvægt að fá bæinn í lið með félaginu verkefnið, þar sem jafnframt væri um að ræða menningar- og bæjarhátíð sem auðgar enn fremur lífið í bænum.

**Niðurstaða:** Aðalstjórn tilnefnir formann undirbúningsnefndar og deildirnar tilnefna einn fulltrúa hver.

## 7. Samskiptamiðlar

Farið var yfir þá nýju áskorun sem blasir við félaginu með innkomu samfélagsmiðla í auknum mæli í starfseminna. Mikilvægt er að fanga frumkvæði sjálfboðaliða á sama tíma og gætt sé að ímynd og orðspori félagsins út á við. Fyrir liggur vörumerkjahandbók félagsins og siðareglur sem m.a. taka á þessum þáttum, en á sama tíma þurfa að liggja fyrir leiðbeinandi tilmæli til þeirra sem vinna í samvinnu við stoðsvið félagsins að þessum málaflokki og skipting verkefna þar á milli skýr.

**Niðurstaða:** til umræðu og verður skoðað betur samhliða rýni á strúktúr og skipulag félagsins.

## 8. Samtalsvettvangur

Tekin var umræða um hvernig best væri að auka samtalið innan félagsins og þá sérstaklega milli eftirfarandi sviða:

- ✓ Innan deilda
- ✓ Á milli deilda
- ✓ Deildir við stoðsvið (skrifstofu og aðalstjórn)

**Niðurstaða:** Formenn allra deilda fagna auknu samtali og telja heppilegast að byrja á ársfjórðungslegum félagsráðsfundum. Einnig óska formenn deilda eftir að þegar málefni einstakra deilda eru rædd í aðalstjórn þá sé formönnum viðkomandi deilda gefinn kostur á að taka þátt í samtalinu. Vel var tekið í þessa beiðni af aðalstjórn. Álp er falið að boða til næsta félagsráðsfundar í byrjun september og ársfjórðungslega í framhaldi af því.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:15, Álp

